

REGLUGERÐ

um (13.) breytingu á reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni („REACH“).

1. gr.

- Við 8. gr. bætist einn nýr töluliður, 28. liður, sem orðast svo:
- 28) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 474/2014 frá 8. maí 2014 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingssins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), er varðar 1,4-díklórbensenii, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahags-svæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2014 frá 24. október 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 4. desember 2014, 2014/EES/73, bls. 501-504.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á reglugerð (ESB) nr. 474/2014 frá 8. maí 2014 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingssins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), er varðar 1,4-díklórbensenii.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í staflið d. 1. tölul. 1. mgr. 11. gr., sbr. 1. mgr. 27. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 10. ágúst 2015.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. ágúst 2015